

1. verkefni

01ferdamenn

Opnið Word og sækjið skjalið **01ferdamenn.docx**Opnið Excel og sækjið skjalið **01ferdamenn.xlsx**

Excel

Erlendir ferðamenn

Farþegar með skemmtiferðaskipum

Útbúið tvö myndritið í Excel samkvæmt fyrirmynd.

1. Færið myndritin (eitt í einu) yfir í Word-skjalið (**01ferdamenn**) með tengingu á milli skjalanna.

Word

2. Mótið Word-skjalið eins og sýnt er. Setjið skýringartexta (**Caption**) fyrir ofan myndritin. Breytið stíl á **Caption** (Skýringartexti): 3 pt fyrir og 3 pt eftir.
3. Kallið fram yfirlit yfir myndritin.
4. Setjið haus á Word-skjalið. Vistið.

Myndrit 1 – Erlendir ferðamenn

Blokkið **A2** til **B8** og farið í**Insert – Line – Line with Markers**

(Setja inn – Línurit – Lína með merkingum).

Smellið á myndritið og farið í

Design – Data – Select Data

(Hönnun – Gögn – Velja gögn).

Smellið á **Ár** og síðan á**Remove** (Fjarlægja).Smellið á **Edit** (Breyta) hægra megin í

glugganum og farið með bendilinn á





línuna **Axis label range** (Svæði ásmærkis).Smellið í hólfíð **A3** og dragið niður í **A8****OK – OK** Þá koma ártölina á neðri ásinn.Takið skýringu (**Legend**) í burtu.

Útlitsmótið myndritið og skrifið fyrirsögn.

Sýnið gildi fyrir neðan línu.

Chart Elements – Data Labels – Below

(Línuritseiningar – Gagnameirki – Undir).




Myndrit 2 – Farþegar með skemmtiferðaskipum

Blokkið **A3** til **C9** og farið í**Insert – Combo Chart – Clustered Column****Line on Secondary Axis**

(Setja inn – Samsett línurit

Klasar dálka – Lína á öðrum ás).

Skrifið fyrirsögn og veljið útlit að eigin vali í **Design** (Hönnun).Sýnið gildi samkvæmt fyrirmynd (**Inside End**).

Útlitsmótið og minnkið bil milli súlna (Breidd millibils).


01ferdamenn – Sýnishorn

Ferðamenn og skipafarþegar 2010-2015

Erlendir ferðamenn til Íslands

Fjöldi erlendra ferðamanna hefur meira en tvöfaldast frá árinu 2010. Árlæg aukning hefur að jafnaði verið 21,6% milli ára frá árinu 2010. Aukningin var mest frá 2014 til 2015 eða 29,1%.


Myndrit 1 Fjöldi ferðamanna 2008–2015



Farþegar með skemmtiferðaskipum

Frá árinu 2010 hefur farþegum til landsins með skemmtiferðaskipum fjölgað nokkuð úr um 72.000 árið 2010 í um 103.000 farþega árið 2015. Aukningin hefur verið aða jafnaði 9,1% milli ára. Um 97% skemmtiferðaskipa hafa viðkomu í Reykjavík. Árið 2015 kom 5.521 farþegi til Eskifjarðar, 3.598 farþegar til Djúpavogs, 3.200 til Siglufjarðar, 2.176 til Húsavíkur og 2.000 til Grimseyjar.

Myndrit 2 Farþegar með skemmtiferðaskipum 2015



Yfirlit yfir myndrit

Myndrit 1 Fjöldi ferðamanna 2008–2015

Myndrit 2 Farþegar með skemmtiferðaskipum 2015

Heimildir

Ferðamálastofa, Austfar, Ísavia, Flugfélag Íslands, Faxaflóahafnir og aðrar hafnir víðs vegar um landið.